

| | | |
|-------------------|---------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Tegund fundar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: | | |
| Síða 1 af 3 | | |

| | | | |
|------------------|-------------|--------------------|------------------|
| Dags.: 18.3.2020 | Tími: 16:00 | Staðsetning: Teams | Fund boðaði: LGJ |
|------------------|-------------|--------------------|------------------|

Þátttakendur

| | |
|--------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mættir: | Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Birgir Jónsson, Pjetur St. Arason, María Bóel Guðmundsdóttir, Hlöðver Hlöðversson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Sigurður Ólafsson, Jón Björn Hákonarson, formaður. |
| Fjarverandi: | Fulltrúi foreldrafélags, Pálína Margeirsdóttir. |

Dagskrá:

1. Form kennslu í fjarnámi
2. Leiðir til að leysa mál verklegra áfanga í iðnnámi
3. Heimavist og mötuneyti
4. Smitvarnir – verndun starfsfólks
5. Önnur mál

| nr. | Fundargerð dagskrárliðs |
|-----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1. | <p>Lilja fer yfir aðgerðir sem hefur verið gripið til varðandi kennsluna. Strax ákveðið að halda kennslustundunum úti, það mæta allir inn, tekin mæting og reynt að gera þetta sem raunverulegast. Kerfið var síðan valið, kennurum kennt og kennarar kenndu nemendum. Góður undirbúningur og skólinn var eins tilbúinn og hægt var. Kerfið býður upp á marga möguleika, m.a. að skipta nemendum í hópa sem nýtist vel t.d. á starfsbraut. Markmiðið er að halda nemendum virkum og í takti. Farið yfir mætingar allra nemenda á hverjum degi og gripið inn í. Geta verið aðrir hópar sem eru í brottfallshættu nú og því mikilvægt að skoða mál allra.</p> <p>María Bóel lýsir fyrstu dögnum sem nemandi. Gengur mjög vel í taláföngum en gekk erfiðar í stærðfræði. Tæknilega hliðin gengur mjög vel.</p> |
| 2. | <p>Lilja nefnir að iðnnámið sé alltaf erfiðara í útfærslu í svona aðstæðum. Marga verklega áfanga t.d. í vélstjórn er ekkert hægt að kenna í fjarkennslu. Það eru farnar nokkrar mismunandi leiðir eftir fögum, t.d. tóku nemendur í hári hausa með sér heim og geta sinnt ákveðnum atriðum þannig. Í málm-vél og tré eru fagbóklegir áfangar í forgangi núna og verklega verður tekið af meiri krafti þegar opnar aftur. Lilja lýsir yfir mikilli ánægju með að kennarar tóku vel í þetta fyrirkomulag.</p> <p>Langflestir nemendur hafa alla sína tíma áfram samkvæmt stundatöflu og er það í takt við markmiðin um að halda þeim í virkni.</p> |

| | | |
|-------------------|---------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Tegund fundar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: | | |
| Síða 2 af 3 | | |

| | |
|----|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | Mikil ánægja með þetta og skólanum hrósað fyrir frábæran undirbúning og vinnu. |
| 3. | <p>Það var farin sú leið varðandi heimavist og mötuneyti að biðja notendur um að greiða reikninginn fyrir mars og sá sem var fyrir apríl var felldur út. Það verður samráð á milli skólameistara með heimavistir varðandi lausnir á þessum málum. Lilja ætlar að skoða hvernig Lánasjóðurinn kemur til móts við nemendur varðandi jöfnunarstyrk sem dekkar stóran hluta kostnaðar við heimavist og mötuneyti.</p> <p>Það getur verið að skólarnir þurfi að taka á sig skelli varðandi þessi mál. Það er ekki hægt að fá nein svör varðandi þetta enn sem komið er.</p> <p>Jón Björn nefnir að mikilvægt sé að það sé samræmi á milli skóla í þessum málum.</p> |
| 4. | <p>Húsnæði skólans hefur verið skipt í hólf og fólki skipt niður með tilliti til fjarlægðatakmarkana. Hluti starfsfólks vinnur í húsinu en hluti vinnur heima. Til þess að halda í andann hafa verið settar upp samverustundir í Teams í frímínútum og hádegishléi. Mikilvægt að halda dampinum áfram. Það þarf að sýna mikla útsjónasemi til þess.</p> <p>Það eiga allir kost á að vinna heima. Það þarf að halda skólanum gangandi eins og hægt er.</p> <p>María Bóel nefnir að nemendur halda samskiptum sínum áfram í gegnum Netið eins og þau gera yfirleitt dagsdaglega. Nemendaráðið hefur rætt að halda fundi í gegnum Facetime. Hafa komið hugmyndir að félagslífi nemenda í samkomubanni, t.d. að halda Kahoot sem allir geta skráð sig inn í.</p> |
| 5. | <p>Jón Björn hrósar skólameistara og starfsfólki skólans fyrir góðan undirbúning meðan margir aðrir skólar séu í vandræðum. Hann nefnir einnig að skólanefnd sé stuðningsaðili og án efa séu allir tilbúnir til þess að stökkva inn á svona fund ef þurfa þykir.</p> <p>María Bóel lýsir yfir mikilli ánægju þar sem hún þekkir til nemenda í öðrum skólum sem eru í mikilli óvissu.</p> <p>Aðrir fundarmenn taka undir hrósið til skólans.</p> <p>Sigurður nefnir að þetta sýni fólki að ýmislegt er hægt í gegnum Netið og möguleikar koma upp sem margir höfðu ekki uppgötvað fyrr. Lilja tekur undir og telur að þetta sé eitthvað sem muni leiða af sér mikla skólaþróun.</p> <p>Jón Björn biður Lilju um kveðju til starfsfólks og hrós fyrir vel unnin störf.</p> |

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

| | | |
|-------------------|---------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GÁT-040 | Verkmenntaskóli Austurlands |  |
| Útgáfa: 01 | | |
| Dags.: 30.01.2018 | Fundargerð (Tegund fundar) | |
| Höfundur: ÞÓJ | | |
| Samþykkt: | | |
| Síða 3 af 3 | | |

| |
|--|
| |
|--|

| | |
|-----------------------------------|-----------------|
| Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson | dags. 18.3.2020 |
|-----------------------------------|-----------------|

| |
|-----------------------------------------------------------------------------|
| Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Í rafrænni málaskrá skólans |
|-----------------------------------------------------------------------------|